


TP

Vintage Pictures
Arnar Benjamín Kristjánsson



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. júní 2014
Tilvísun: UST20140500131/mik

Efni: Kvikmyndartaka við hverina í Krýsuvík 23. júní 2014.

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Arnars B. Kristjánssonar fyrir hönd Vintage Pictures, dags. 17. maí 2014, vegna leyfis til kvikmyndartöku við hverina í Krýsuvík 23. júní 2014 vegna kvikmyndarinnar *Bokeh*.

Reykjanefolkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingi í Stjórnartíðindum B nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing á framkvæmd: Um er að ræða talsenu á milli tveggja bandarískra ferðamanna sem standa hjá hverunum í Krýsuvík. Leikararnir munu einnig rölt aeftir kindagötu sem liggur upp að hvernnum sem er efst á hæðinni. Ekki stendur til að reisa sviðsmynd á svæðinu eða breyta ásýnd þess. Að tökunum koma 15 manns en þeir sem ekki þurfa nauðsynlega að vera viðstaddir þær munu bíða á bílastæðinu, þar sem tökuliðið mun hafa aðstöðu. Áætlað er að tökur muni fara fram á tímabilinu kl. 16-18. Vegfarendur verða beiðnir um að hinkra rétt á meðan tökur fara fram, en óheimilt er að stöðva umferð fólks um svæðið. Reynt verður að hefja þær það seit að flestir ferðamenn hafi yfirgefíð svæðið.

Umhverfisstofnun metur umfang verksins svo að það sé ekki leyfisskylt m.v. gefnar upplýsingar.

Stofnunin minnir þó á eftirfarandi:

- Að umgengni um svæðið verði góð og reglum um það verði í hvívetna fylgt. Dýralíf verði ekki fyrir óþarfa truflun og hvorki jarðvegi né gróðri verði raskað. Göngustígum verði fylgt.
- Rík áhersla verði lögð á að aðrir gestir/ferðamenn svæðisins verði ekki fyrir óþarfa truflun vegna kvikmyndatökunnar.
- Sérstaklega er árétt að allur akstur utan vega er bannaður skv. 17. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Búnaður skal því borinn á tökustað.

Umsækjandi skal vera í sambandi við landvörð svæðisins, Óskar Sævarsson, áður en tökur hefjast og tilkynna honum um ferðir sínar.

Virðingarfyllst

Pórdís V. Bragadóttir

Pórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur

Ingibjörg Eiríksdóttir
Sérfræðingur